

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR frá 13. maí 1993

### um leiðbeinandi viðmiðunarreglur þegar kostnaður og gjöld í tengslum við vistmerki bandalagsins eru ákveðin (\*)

(93/326/EBE)

#### FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 880/92 frá 23. mars 1992 um kerfi um veitingu vistmerkis EB <sup>(1)</sup>, einkum 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92 er kveðið á um að við hverja umsókn um merki skuli greiða gjald fyrir þann kostnað sem afgreiðsla hennar hefur í för með sér og að í skilmálum um notkun merkisins skuli gert ráð fyrir greiðslu gjalds.

Enn fremur er í 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92 kveðið á um að útbúnaður skuli leiðbeiningar um gjaldskrá í samræmi við málsmeðferðina í 7. gr. umræddrar reglugerðar.

Ráðstafanirnar í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit nefndar sem var sett á laggirnar á grundvelli 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92.

#### SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

##### 1. gr.

1. Við hverja umsókn um merki skal greiða gjald fyrir þann kostnað sem afgreiðsla hennar hefur í för með sér.
2. Viðmiðunargjald vegna umsóknar skal vera 500 ECU.

##### 2. gr.

1. Gjald vegna notkunar á merki skal greitt árlega af hverjum umsækjanda sem hefur verið úthlutað vistmerki í samræmi við ákvæði 10. og 12. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92.

2. Árgjaldið skal gilda fyrir 12 mánaða tímabil sem hefst þann dag sem umsækjanda er úthlutað vistmerkinu.
3. Árgjaldið skal reiknað sem ákveðið hundradshlutfall af árlegri sölu innan bandalagsins á þeirri vöru sem vistmerkið fæst fyrir.
4. Viðmiðunarhlutfall vegna árlegrar sölu skal vera 0,15%.
5. Lágmarksviðmiðunargjald skal vera 500 ECU.

##### 3. gr.

1. Lögbærum stofnunum skal heimilt að fastsetja hin eiginlegu gjöld á bili sem liggur 20% fyrir ofan eða neðan viðmiðunargjaldið sem er tilgreint hér að framan. Þessari heimild skal beitt þannig að óski lögbær stofnun eftir því að miða gjöld sín við annað mark en viðmiðunartölurnar skulu sömu frávik gilda um öll gjöld sem lögbæra stofnunin ákveður.
2. Ef greiða þarf virðisaukaskatt af þessum gjöldum skal virðisaukaskattshlutfallið vera innfalið í þeirri hækkun sem lögbærri stofnun er heimilt að leggja á.

##### 4. gr.

Þegar gjald vegna umsóknar og árgjald er ákveðið skal fylgja þeim viðbótarviðmiðunarreglum sem fram koma í viðaukanum við þessa ákvörðun.

##### 5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. maí 1993.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**Yannis PALEOKRASSAS**

framkvæmdastjóri

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 129, 27. 5. 1994, bls. 23, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/94 frá 28. október 1994 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(<sup>1</sup>) Stjttíð. EB nr. L 99, 11. 4. 1992, bls. 1.

## VIÐAUKI

### VIÐBÓTARVIÐMIÐUNARREGLUR

- i) Árlegar sölutölur vörunnar skulu miðast við verð frá verksmiðju. Ekki skal draga greiðslu á gjöldum til lögbærra stofnana uns heildarsala yfir árið liggur fyrir enda getur hún farið fram, annaðhvort að hluta eða að fullu, áður en slíkar niðurstöðutölur liggja fyrir og endanleg staðfesting fengist síðar.
- ii) Hvorki má í umsóknargjaldi né árgjaldi felast nokkur hluti kostnaðar við hugsanlega prófun sem getur þurft að gera á vörum sem umsóknir taka til. Umsækjendur verða sjálfir að standa straum af kostnaði við slíkar prófanir.
- iii) Endurskoðun bandalagsins á uppbyggingu gjaldskrár vegna kerfis um úthlutun vistmerkis getur leitt til þess að viðmiðunartölur verði endurskoðaðar. Þetta ætti ekki að hafa í för með sér breytingar á gjöldum, sem ber að greiða vegna umsóknar er leiddi til úthlutunar merkis fyrir þann dag sem bandalagið ákvað að endurskoða viðmiðunartölur, fyrr en við lok gildistíma viðmiðunarforsendna sem varða viðkomandi merki.